

Nd.

618. Breytingartillögur

[294. mál]

við frv. til l. um umboðsmann Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr.
 - a. Í stað 1. másl. 1. mgr. komi: Kjör umboðsmanns Alþingis fer fram í sameinuðu þingi. Kosningin gildir til fjögurra ára.
 - b. 2. másl. 2. mgr. orðist svo: Sama hátt skal hafa á ef umboðsmaður fær að eigin ósk lausn frá embætti sínu eða tveir þriðju hlutar þingmanna samþykkja að víkja honum úr embætti.
 - c. 3. másl. 2. mgr. falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Hlutverk umboðsmanns er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt sem nánar greinir í lögum þessum og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Skal hann gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og góða stjórnsluhætti.
3. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Umboðsmaður nýtur sömu launa og annarra lögkjara og hæstaréttardómari eftir því sem við verður komið. Hann á rétt til biðlauna í þrjá mánuði er hann lætur af starfi.

Umboðsmanni er óheimilt að hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkafyrirtækja.